

Ed.

474. Nefndarálit

um frumvarp til laga um bann gegn tilbúningi áfengra drykkja o. fl.

Nefndin, sem hefir haft þetta frumvarp til meðferðar, telur það vera rjett-
arbót og leggur til að það fái að ganga fram, þó með nokkrum breytingum.

Munurinn á þessu frumvarpi og lögnum frá 12. janúar 1900, um bann
gegn tilbúningi áfengra drykkja, er þrennskonar.

1. Í lögnum er aðeins bannaður tilbúningur áfengra drykkja. Frumvarpið fer
enn lengra, það bannar og að gera áfengi, sem er eða gert hefir verið óhæft
til drykkjar, aftur drekkandi.
2. Í lögnum er ekkert áfengismark tiltekið. Í frumvarpinu er það ákveðið hið
sama sem í lögum nr. 44, 30. júlí 1909.
3. Í lögnum er lágmark sekta ákveðið 10 kr. Frumvarpið setur lágmarkið
200 kr.

Nefndin lítur svo á, að sjerstaklega þurfi að banna að gera aftur drekk-
andi áfengi, sem er eða gert hefir verið óhæft til drykkjar, þar sem nú beri tals-
vert mikið á þeim verknaði, enda muni tæplega hægt að koma slíku atferli undir
bann gegn tilbúningi áfengra drykkja.

Nefndin telur og nauðsyn til bera að hafa fast áfengismark, og getur ekki
betur sjeð en að rjett sje að setja það hið sama, sem það er í gildandi lögum.
Og loks álitur nefndin, að lágmark sekta þurfi að hækka að miklum mun og á-
kveðast líkt sem fyrir 1. brot gegn 1. grein aðflutningsbannslaganna.

Ennfremur virðist nefndinni að sektir eigi að vera jafnbáar, hvort sem er
að ræða um tilbúning áfengra drykkja eða þann verknað að gera aftur drekk-
andi áfengi, sem er eða gert hefir verið óhæft til drykkjar. Þar á móti þykir
nefndinni ekki ástæða til að láta tilraun til þessa verknaðar varða sektum.

Að endingu telur nefndin nauðsynlegt að setja inn í frumvarpið ákvæði, er
heimili Stjórnarráðinu að setja reglur um sölu áfengis, er haft er til verklegra af-
nota, t. d. suðuspiritus og fægingarspiritus, því til tryggingar, að það verði ekki
haft til þess að brugga úr því áfenga drykki eða haft til neyslu.

Samkvæmt þessu leggur nefndin þá til að frumvarpið verði samþykkt
með nokkrum breytingum og standa þær á þingskjali 475.

Efri deild Alþingis, 20. ágúst 1915.

Jósef Björnsson, Björn Þorláksson, G. Björnson.
formaður. skrifari og framsögum.

M. Pjetursson. Karl Einarsson.